

Fundargerð – 570. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeýðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 10. júní 2025 kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir og Svavar Grétarsson.

Fjarverandi: Eiður Ævarsson.

Aðrir: Davor Lucic, rekstrarstjóri móttökustöðva hjá Kölku

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Nýbygging á lóð Kölku
3. Grenndarstöðvar
4. Önnur mál.

1. Nýbygging á lóð Kölku

Davor fór yfir grófa teikningu af nýbyggingu á lóð Kölku fyrir flugösku og o.t.v. önnur efni og áætlað skipulag inn í byggingunni. Stjórn ræddi hvort drögin að teikningunni dugi til lengri tíma, að hugsa þurfi fyrir framtíðinni og mögulegum stækkunum ef til þess kæmi eftir 10 ár að svæðið sé of lítið.

Stjórn óskar eftir því að framkvæmdastjóra afli viðeignandi gagna varðandi kostnaðarmat á jarðvinnu, kaup og byggingu á nýbyggingunni ásamt fullfrágangi fyrir næsta stjórnarfund í ágúst.

2. Grenndarstöðvar

Davor fór yfir breytingar á grenndarstöðvunum á suðurnesjunum, m.a. kynnti Davor nýtt fyrirkomulag og nýtt útlit á grenndarstöðvum, nýjan samning við Terra, fatagáma frá Rauða krossinum og dósagáma frá grænum skátum ofl. Davor sýndi einnig myndir hvernig þetta ætti að líta út.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Önundur fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra, m.a. nýtt verkefni fyrir Reykjanesbæ í tengslum við garðaúrgang, öryggis- og starfsmannamál, brennslan í maí, efnismál, mengaðan jarðveg, helstu niðurstöður eftir fund í Lounavoima, nýtt verðmat á Fitjabrautina og orkunýting.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd undir þessum dagskrárlið.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:06.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 12. ágúst 2025.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Ingbór Guðmundsson